

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 231/1995, um Listasafn Íslands.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. orðast svo:

Á safnasviði skulu vera eftirtaldar deildir: Listaverkadeild (öll listaverk Listasafns Íslands), sýningardeild (sýningar og útlán), fræðsludeild (fræðsla og kynning), forvörslu- og viðgerðadeild, bókasafn (öll heimildasöfnun og söfnun myndgagna um íslenska og erlenda myndlist) og Safn Ásgríms Jónssonar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Mýrdalshreppur annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og hefur heilbrigðisnefnd Suðurlands eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari.

Mýrdalshreppur getur falið öðrum framkvæmd sorphirðu og skulu þeir aðilar hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða fer fram undir yfirstjórn skrifstofu Mýrdalshrepps og skal hún sjá um samskipti við þá aðila sem að því koma.

II. KAFLI

Skyldur einstaklinga, rekstraraðila og fasteignaeigenda.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Mýrdalshreppi er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

Sorpílát skulu vera staðsett í samráði við sorphirðumenn og vera aðgengileg fyrir þá og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpílátum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.